

Reglur um opnunartíma veitinga- og skemmtistaða í Dalabyggð

Skv. 23., 26. og 27. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 gefa sýslumenn út rekstrarleyfi og tækifærisleyfi hver í sínu umdæmi að fengnum umsögnum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, slökkviliðs, heilbrigðisnefndar, byggingarfulltrúa, vinnueftirlits og lögreglu.

Sveitarstjórn skal veita umsögn um fyrirhugaðan afgreiðslutíma staðar, þ.e. á hvaða tíma heimilt er að hafa hann opinn. Einnig staðfestir sveitarstjórn að staðsetning staðar sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélags kveður á um og eftir atvikum að næg bílastæði fylgi gististað.

Byggðarráð fer að jafnaði með afgreiðslu umsagna vegna útgáfu rekstrar- og tækifærisleyfa.

Í samræmi við 24. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalabyggð nr. 375/2016 samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi reglur um opnunartíma veitinga- og skemmtistaða.

Veitingastaðir í flokki II skv. 4. gr. laga nr. 87/2007 m.s.br.:

Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Almennur opnunartími:

Lokunartími eigi síðar en kl. 23:30
Veitingasala heimil til kl. 23:00

Aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga:

Lokunartími eigi síðar en kl. 23:30
Veitingasala heimil til kl. 23:00

Veitingastaðir í flokki III skv. 4. gr. laga nr. 87/2007 m.s.br.:

Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist, og staðir sem kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

Almennur opnunartími:

Lokunartími eigi síðar en kl. 02:00
Veitingasala heimil til kl. 01:30

Aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga:

Lokunartími eigi síðar en kl. 04:00
Veitingasala heimil til kl. 03:30

Byggðarráði verður þó ætíð heimilt að veita jákvæða umsögn um lengri opnunartíma vegna sérstakra tilefna, s.s. um áramót, páska o.s.frv. þó með þeim takmörkunum sem fram koma í lögum nr. 32/1997 um helgidagafrið.

Þegar umsögn er veitt vegna veitinga- og skemmtistaða skal farið eftir ákvæðum aðalskipulags Dalabyggðar og eftir atvikum deiliskipulagi viðkomandi svæða.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 16. maí 2017

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri